

## MINNISBLAÐ

**Eftirfarandi er svar við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar í fjölskylduráði um barnaverndarmál. Fyrirspurnin var sett fram í tölvupósti þann 24. febrúar 2016.**

**1. Hver er staðan á vinnslu barnaverndarmála hjá Hafnarfjarðarbæ í dag? Hversu mörg mál bíða úrlausnar í dag?**

Þróun barnaverndartilkynninga:

2012 - 882

2013 - 866

2014 - 826

2015 - 875

Heildarfjöldi barna sem höfð voru afskipti af:

2012 - 594

2013 - 527

2014 - 472

2015 - 510

Nokkuð dró úr barnaverndartilkynningum og -málum árin 2013 og 2014 en fjölgaði aftur á síðasta ári. Það er mat barnaverndarstarfsmanna að vinnsla barnaverndarmála síðustu árin hafi orðið umtalsvert flóknari, viðameiri og málin taki lengri tíma í vinnslu. Vinnsla barnaverndarmála skiptist í könnunar- og meðferðarferli. Samkvæmt barnaverndarlögum er metið hvort barnaverndartilkynningar fara í könnun og skal sú ákvörðun tekin innan 7 daga. Ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun. Reynt er eftir því sem kostur er að standa við þessi tímamörk. Eins og staðan er í dag þá eru 10 barnaverndarmál sem hafa verið tilkynnt og bíða eftir að komast í könnunarferli. Þriggja manna könnunarteymi sér um vinnslu málanna á könnunarstigi. Milli 20-30 mál eru í vinnslu, á hvern starfsmann, á hverjum tíma í könnunarteyminu. Barnaverndarstarfsmenn sem sinna meðferð barnaverndarmála eru að jafnaði með um 30-40 mál í vinnslu.

Það skal tekið fram að lagt er faglegt mat á alvarleika tilkynninganna og þau mál sett í forgang sem metin eru alvarleg og grípa þarf inni án tafa.

Á eftirfarandi slóð er hægt að kynna sér tölulegar upplýsingar um barnaverndartilkynningar milli barnaverndarnefnda.

<http://www.bvs.is/media/samanburdarskyrslur-tolulegar-uppl/Skyrsla-um-samanburd-aranna-2014-og-2015.pdf>

**2. Hve mikil fækkun hefur orðið á starfsmönnum sem sinna barnavernd, bæði hvað varðar fjölda stöðugilda og í hlutfalli af heildarfjölda þeirra sem sinna barnaverndartilkynningum?**

Ekki hefur orðið fækkun stöðugilda í barnavernd. Stöðugildin eru 8,9 og er þar með talinn deildarstjóri í barnavernd. Haustið 2015 fór barnaverndarstarfsmaður sem var í 80% stöðugildi í 100% starf og frá og með 1. mars 2016 breyttist stöðugildi barnaverndarstarfsmanns úr 80% í 90%. Aukið hefur því verið við stöðugildi barnaverndarstarfsmanna um 30% s.l. mánuði. Svigrúm skapaðist til að auka við stöðugildi í barnavernd vegna annarra tilfærslna á sviðinu. Tekin var ákvörðun um þessa breytingu í ljósi fjölgunar mála og álags á starfsmenn.

**3. Er staðan viðunandi? Ef svo er ekki, til hvaða aðgerða á þá að grípa?**

Í barnaverndarstarfi er alltaf hægt að gera betur og álag á barnaverndarstarfsmenn er viðvarandi. Rétt er að fram komi að Útlendingastofnun kom á fót móttökumiðstöð fyrir hælisleitendur sumarið 2015 í sveitarfélaginu. Almenn álag á fjölskylduþjónustu sveitarfélagsins hefur aukist í kjölfarið og er mikilvægt að vera vakandi fyrir þeirri þróun. Erfitt er að svara því til hvað sé viðunandi, alltaf má gera betur, álag er á starfsmenn og málum fjölgar.

Hafnarfjörður 1. mars 2016.  
Rannveig Einarsdóttir,  
sviðsstjóri fjölskylduþjónustunnar.